

Reglur um mætingarskyldu í meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf

Samþykktar á deildarfundum 28. febrúar 2013

1. Það er mætingarskylda í öll námskeið í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Áhersla er á stundvísi og skylt er að mæta í allar kennslustundir.
2. Nemendur bera ábyrgð á að skrá sig í og úr tíma með viðeigandi hætti.
3. Ef nemendur geta ekki sótt tíma vegna veikinda eða vegna lögmætra forfalla s.s. vegna slysa, veikinda eða dauðsfalla nákominna ber nemanda að tilkynna það með tölvupósti til umsjónarkennara meistaranáms og viðkomandi kennara eins fljótt og auðið er. Skila þarf læknisvottorði til umsjónakennara.
4. Gefa skal nemanda tækifæri til að vinna upp það sem hann kann að missa af vegna lögmætra forfalla ef kostur er. Kennari leggur mat á hvort þetta sé mögulegt að höfðu samráði við deildarforseta.
5. Ef fjarvistir nemenda fara yfir 20% af kennslustundum námskeiðsins og/eða ekki er unnt að skapa tækifæri fyrir hann til að bæta sér upp það sem hann hefur misst af missir hann rétt til að ljúka námskeiðinu. Slíkt jafngildir úrsögn úr námskeiðinu.

Reglur þessar eru í samræmi við 3. mgr. 54. gr. reglna HÍ nr. 569/2009.